

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um reglur og viðmið um þátttöku nemenda í mótmælum á opinberum vettvangi á skólatíma**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 12. febrúar 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

*Hvaða reglur og viðmið gilda í grunnskólum Reykjavíkur þegar kemur að þátttöku nemenda í mótmælum á opinberum vettvangi á skólatíma? Með öðrum orðum, er slík þátttaka ávallt án heimildar frá skólayfirvöldum eða hefur það gerst að slík þátttaka sé sérstaklega heimiluð og að fjarvist nemenda af þessu tilefni hafi engin áhrif?*

#### **Svar:**

Eitt af leiðarljósum menntastefnu Reykjavíkurborgar er barnið sem virkur þátttakandi. Þar eru virkni barna og lýðræðisleg þátttaka í leik og starfi talin mikilvæg leiðarljós.

Samkvæmt 3. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er nemendum skylt að sækja grunnskóla. Skóla- og frístundasvið samþykkti viðmið um skólasókn þar sem gengið er út frá því að nemendur fylgi lögum og reglum um skólaskyldu og starfsfólk skóla skrái mætingu nemenda og bregðist við á samræmdan hátt ef misbrestur verður á skólasókn nemenda.

Skóla- og frístundasviði er aðeins kunnugt um tvö tilvik um „verkföll“ grunnskólanemenda vegna mótmæla á opinberum vettvangi; annars vegar loftlagsverkföll sem var árið 2019 og svo svo í febrúar 2024 vegna stöðu mála í Palestínu.

Verkföll af slíkum toga eiga að vera afgreidd frá skóla sem óheimil fjarvist og skráð sem slík.